

23. október 2012

### Umsögn til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis

um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum lagd fram á 141. löggjafarþingi 2012–2013, þingskjal 19 — 19. mál.

Efni frumvarpsins er svohljóðandi:

1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo:

*Frumvarp til breytinga á stjórnarskrá þessari má bera upp á Alþingi. Greiði minnst 40 þingmanna á Alþingi atkvæði með tillögu um breytingu á stjórnarskrá þessari skal leggja tillöguna innan þriggja mánaða undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu í leynilegri kosningu. Greiði minnst 5/10 allra kosningarbærra manna breytingunni atkvæði sitt er hún gild stjórnskipunarlög en fellur að öðrum kosti niður.*

Fundur í Stjórnarskrárfélaginu 23. október 2012 leyfir sér að senda háttvirtri þingnefnd sjónarmið sín um téð þingmál.

Markmið þeirrar stjórnarskrárbreytingar sem lögð er til á þingskjalinu er að breyta því ferli sem leiðir til breytinga á stjórnarskrá. Það er að grunni til mjög í anda þess sem flestir virðast sammála um, að þjóðin sjálf þurfi að staðfesta sérhverja stjórnarskrárbreytingu. Stjórnlagaráð leggur það einnig til í tillögum sínum. Á hinn bóginn teljur fundurinn að í frumvarpinu séu settir of háar hindranir í veg stjórnarskrárbreytinga og bendum þingnefndinni á að gaumgæfa það ítarlega. Rök fundarmanna eru eftirfarandi.

Settir eru fram tveir þröskuldar sem þarf að komast yfir til að breyting verði á stjórnarskrá. Fyrst þarf nær 2/3 fylgi alls þingheims. Það þýðir - miðað við söguna – að stærsti flokkurinn á þingi fær að jafnaði neitunarvald um allar breytingar (enda telji hann a.m.k. 24 þingmenn). Þá er krafist stuðnings helmings allra kjósenda á kjörskrá til að samþykkja stjórnarskrárbreytingu. Að það náist er næstum útilokað – nema um sé að ræða stemmingsmál eins og var 1944. Reynsla héraendis og erlendis sýnir að þátttaka í sérhæfðri atkvæðagreiðslu af þessu tagi fer afar sjaldan yfir 2/3, 65% væri gott. Þá þurfa um 77% kjósenda að gjalda málinu jáyrði til að breyting nái fram að ganga, eða með öðrum orðum, að 23% geta hindrað breytingu. Það er til viðbótar kröfu um stuðning 2/3 alþingismanna.

Nú er auðvelt að breyta stjórnarskránni. Þingmenn geta gert það einir. Þjóðin kemur að nafni til að málinu með því að kjósa til nýs þings sem staðfesti síðan stjórnarskrárbreytinguna. Aðeins einu sinni, a.m.k. á lýðveldistímanum, hefur þingkosning snúist um stjórnarskrárbreytingu. Það var árið 1959. Ef þetta frumvarp á þingskjali 19 yrði samþykkt á yfirstandandi Alþingi myndu komandi þingkosningar vart snúast um það hvort nýtt þing ætti að staðfesta þessa stjórnarskrárbreytingu eða ekki. Hún myndi þá að líkindum fljúga í gegnum nýtt þing.

Hvað hefur þá gerst í reynd: Það þing sem nú situr er búið að naglfesta gildandi stjórnarskrá og torvela mjög komandi kynslóðum að gera markverðar breytingar á stjórnskipaninni.

**Af ofangreindum ástæðum er Stjórnarskrárfélagið eindregið mótfallið frumvarpinu.**